

REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð um greiðslur almannatrygginga á lyfjakostnaði nr. 246/1982.

1. gr.

Við 2. tl. 2. gr. kemur nýr stafliður, er hljóðar svo:
„i. Truflun á hormónaframleiðslu eggjastokka, vegna brotnáms eða geislameðferðar á þá.“

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í lögum nr. 67/1971 um almannatryggingar ásamt síðari breytingum, öðlast gildi 1. apríl 1987.

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytinu, 26. janúar 1987.

Ragnhildur Helgadóttir.

Páll Sigurðsson.

4. febrúar 1987

Nr. 51

REGLUGERÐ

um veitingu veiðileyfa til nýrra og nýkeyþtra fiskiskipa.

1. gr.

Við veitingu veiðileyfa til íslenskra fiskiskipa, koma aðeins til greina þau fiskiskip, sem leyfi fengu á árinu 1985 og ekki hafa horfið varanlega úr rekstri, ennfremur ný og nýkeypt skip, hverfi önnur sambærileg skip úr rekstri.

2. gr.

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um sambærileg skip sé að ræða skv. 1. gr. og gildir eftirfarandi regla:

Margfeldi hönnunarmálanna; lóðlínulengdar, mótaðrar breiddar og mótaðrar dýptar að neðra þilfari hins nýja skips má ekki vera yfir 33% meira en margfeldi sömu stærða skips þess, er hverfur úr rekstri.

Við útreikning samkvæmt þessari grein skal byggt á upplýsingum tæknideildar Fiskifélags Íslands og Fiskveiðasjóðs Íslands. Við útreikning vegna skipa, sem hverfa úr rekstri, skal miða við stærðir þeirra 1. janúar 1986.

3. gr.

Lóðlínulengd samkvæmt 2. gr. er lárétt fjarlægð milli aftari lóðlínu, sem er lóðrétt lína er gengur í gegnum stýrisás og fremri lóðlínu, sem er lóðrétt lína, er gengur í gegnum skurðpunkt stefnis og hönnunarvatnslínu.